



Minnisblað 2. fundar stýrihóps nýrrar Menntastefnu Langanesbyggðar

1. fundur stýrihóps nýrrar Menntastefnu Langanesbyggðar, haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar að Langanesvegi 2, **fimmtudaginn 7. nóvember 2024 kl. 16:00.**

Mætt voru: Hilma Steinarsdóttir, *skólastjóri Grunnskólans á Þórshöfn*, Halldóra Jóhanna Friðbersdóttir, *skólastjóri leikskólans Barnabóls*, Magdalena Zawodna, *fulltrúi kennara*, Sigríður Ósk Indriðadóttir, *fulltrúi starfsfólks Barnabóls*, Þórarinn Þórisson, *fulltrúi sveitarstjórnar*, Hólmfríður Katrín Jónsdóttir, *fulltrúi nemenda* og Sigríður Friðný Halldórsdóttir, *fulltrúi sveitarstjórnar*, sem einnig ritaði minnisblað.

Á í fjarfundi: Hildur Stefánsdóttir, *fulltrúi foreldra Grunnskólans* og Gunnar Gíslason, *forstöðumaður Miðstöðvar skólaþróunar*, leiddi fundinn.

Þau sem boðuðu forföll voru Karítas Ósk Agnarsdóttir, *fulltrúi foreldra Barnabóls*, Magdalena Zawodna, *fulltrúi kennara Grunnskólans* og Hólmfríður Katrín Jónsdóttir, *fulltrúi nemenda Grunnskólans*.

1. Uppfærð drög að Menntastefnu Langanesbyggðar

Gunnar Gísla lagði fram uppfærð drög að Menntastefnu Langanesbyggðar. Búið að draga saman fyrri drög og bæta inn klausu um starfsfólk.

Umræður um að lengri og ítarlegri framsetning henti betur fyrir skólastjórnendur og starfsfólk skólanna sem vinnuskjal en nýtti drögin notendavænni fyrir foreldra. Mögulega hægt að nýta báðar útgáfur þegar búið er að samræma þær.

2. Næstu skref og 3. fundur stýrihóps

Skólastjórnendur fara með drögin inn á fund starfsfólks sem fær tækifæri til að koma með álit sitt.

Fulltrúi nemenda kynnir drögin fyrir nemendum og í ungmennaráði og fær punkta frá þeim.

Næsti fundur stýrihóps verður 6. desember kl 13:50 þar sem farið verður yfir athugasemdir sem berast frá starfsfólki og nemendum.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 16:50